

Díoxín í íslenskum matvælum

Undanfarna mánuði og ár hafa verið í fréttum frásagnir af díoxínmengun í matvælum á erlendri grundu.

Þessi tilfelli hafa verið rakin til mengaðs fódurs, oftast kjarnfódurs.

Málin tengjast oftast notkun á rangri gerð (mengaðri) fitu í blöndun fódursins sem skepnur neyta.

Hér á landi höfum við nýlegt dæmi um mengun í kjöti og mjólk. Tilfellið má sennilega rekja til staðbundinnar mengunar frá sorpbrennslu, sem síðan hefur mengað fóður (gras og hey) sem skepnur hafa neytt.

Matvælastofnun hefur það hlutverk að fylgjast með aðskotaefnum í matvælum hér á landi. Þetta eftirlit er byggt á íslenskri löggjöf og reglum Evrópusambandsins vegna útflutnings til ESB og fer fram með sýnatökum samkvæmt fyrirfram ákveðinni eftirlitsáætlun og fer

sýnafjöldi eftir framleiðslumagni viðkomandi tegundar.

Á árunum 2003 og 2004 fóru fram umfangsmiklar rannsóknir á díoxíni í íslenskum matvælum, þ.á m. búfjárafurðum. Þessar rannsóknir sýndu lítinn styrk þessara mengandi efna hér á landi og gefa okkur í raun þau grunnildi sem við teljum að raunhæft sé að ætla að finna megi í þessum afurðum.

Sýni tekin af mjólk og kjöti

Matvælastofnun hefur vaktað mengandi efni með rannsóknum á díoxínlíkum PCB-efnum í kjöti, mjólk og fleiri afurðum. Þessar rannsóknir hafa verið notaðar til að fylgjast með hvort einhverjar breytingar verði frá ári til árs. Ástæða þess að díoxínlík PCB-efni eru frekar mæld en díoxín er fjárhagsleg, en



Morgunblaðið/Porkell

Hey Nýlegt dæmi um mengun í kjöti og mjólk má sennilega rekja til staðbundinnar mengunar frá sorpbrennslu, sem mengað hefur fóður skepna.

rannsóknir á díoxíni kosta þrefalt meira en á díoxínlíkum PCB-efnum en eru þó taldar gefa góða vísbendingu um ástand mengunar.

Tekin hafa verið sýni af mjólk á bóndabæjum á helstu framleiðslusvæðunum og einnig af kjöti (fitu) úr sláturhúsum landsins. Nið-

urstöður þessara rannsókna hafa eindregið bent til að ekki hafi verið ástæða til að ætla að ástand hér hafi breyst frá árunum 2003 og 2004.

Matvælastofnun hefur tekið 26 sýni til sérstakra díoxínmælinga vegna mengunar í Skutulsfirði. Mörg þessara sýna gefa til kynna að

þar sé um mengun að ræða og sum sýni eru yfir viðmiðunarmörkum. Mengunin er staðbundin og búskapur á svæðinu takmarkaður. Á næstu dögum munu niðurstöður starfshóps sem fjallað hefur um þessa mengun og áhrif hennar á búskap á svæðinu verða kynntar hlutaðeigandi.

Fræðsla um díoxínmengun

Sú umræða sem þessi mengun hefur skapað hefur líka beint sjónum manna að öðrum sorpbrennslum í landinu. Sýnataka af afurðum úr nágrenni þeirra hefur farið fram og er niðurstaðna að vænta á næstu dögum.

Matvælastofnun heldur fræðslufund um díoxín miðvikudaginn 30. mars 2011 kl. 15:00-16:00 í umdæmisskrifstofu stofnunarinnar í Reykjavík á Stórhöfða 23. Á fundinum verður fjallað um hvernig díoxín myndast og hvernig það berst í umhverfið, matvæli og fólk, ásamt vöktun og viðbrögðum þegar efnið greinist yfir viðmiðunarmörkum.

Kjartan Hreinsson, dýralæknir heilbrigðiseftirlits hjá Matvælastofnun.

www.mast.is